

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp.

Árið 2026, þriðjudaginn 11. ágúst kl. 13:00 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1269. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.
Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Sigrún Reynisdóttir, Böðvar Páll Jónsson.
Fundarritari var Guðbjörg Sigríður Snorradóttir.

Þetta gerðist:

1. Arnarbakki 1-3 - USK26070272

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að innrétta námsver og sérkennslurými í húsi á lóð nr. 1-3 við Arnarbakka.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Álfabakki 8 - USK26050077

Sótt er um leyfi til að breyta útliti og innra skipulagi kvikmyndahúss á lóð nr. 8 við Álfabakka.

Erindi fylgir skýrsla Brunahönnunar slf um brunahönnun dags. 5. maí 2026, varmatapsútreikningar dags. 31. mars 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Borgartún 30 - USK26060140

Sótt er um leyfi til fækka eignum með því að sameina rými 0401, 0402 og 0403 og innrétta skrifstofur, viðtalsherbergi og starfsmannaaðstöðu fyrir heilsugæslu, 4. hæð í skrifstofuhúsi á lóð nr. 30 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

4. Borgartún 39 - USK26070325

Sótt er um leyfi til að gera innanhúss breytingar á rými 0101 og skipta út klæðningu utanhúss í húsi nr. 39 við Borgartún

Erindinu fylgir greinagerð hönnuðar dags. júlí 2026

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Brekkugerði 19 - USK26060507

Sótt er um leyfi til að byggja niðurgrafna geymslu í norðvesturhorni lóðar við einbýlishús nr. 19 við Brekkugerði.

Stærð 11,3 ferm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. ágúst 2026.

Synjað, með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. ágúst 2026

6. Bræðraborgarstígur 19 - USK26060409

Sótt er um leyfi til að stækka mhl. 02 með því að hækka millibyggingu milli mhl. 01 og mhl. 02, breyta innra skipulagi og gera svalir á einbýlishús á lóð nr. 19 við Bræðraborgarstíg.

Stækkun, mhl. 02: 20,2 ferm., 49,1 rúmm.

Eftir breytingar: 161,9 ferm., 393,8 rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12. maí 2026, samþykki meðlóðarhafa dags. 22. apríl 2026 og bréf hönnuðar dags. 22. júlí 2026.

Frestað -ný og uppfærð gögn framsend til skipulagsfulltrúa

7. Bræðraborgarstígur 39 - USK26030343

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi rishæðar, setja kvist í stað svara á vesturhlið, setja nýjan kvist og svalir á austurhlið, ásamt því að sótt er um leyfi fyrir áður gerðum bílskúr, mhl. 03 við fjölbýlishús nr. 39 á lóð nr. 39 -41 við Bræðraborgarstíg.

Stækkun mhl. 01: 16,3 ferm., 60,4 rúmm.

Stærð mhl. 03: 16 ferm., 39,6 rúmm

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Depluhólar 2 - USK26050360

Sótt er um leyfi til að breyta notkun úr bílageymslu og innrétta sem vinnustofu, breyta gluggum og fjarlægja bílskúrshurð auk þess sem sótt er um leyfi fyrir 1.8m háum steypum skjólvegg meðfram lóðarmörkum til suðurs og austurs við einbýlishús á lóð nr. 2 við Depluhóla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdrætti.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Fálkabakki 1 - Breytinga innanhúss - USK26050004

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að innra skipulagi og innréttingum er breytt í leikskólanum Fálkaborg á lóð nr. 1 við Fálkabakka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

10. Goðheimar 21 - USK24040120

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi í fjölbýlishúsi á lóð nr. 21 við Goðheima.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, samþykki meðeigenda dags. 12. desember 2023, húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 5. ágúst 2026 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júní 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Grettisgata 41 - USK26060347

Sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús úr timbureiningum, mhl. 02 á lóð nr. 41 við Grettisgötu.

Stærð: 104 ferm., 313,7 rúmm.

Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir frá Lotu dags. 10. desember 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

12. Grettisgata 86 - USK26070022

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi vegna gerðar eignaskiptayfirlýsingar í húsi á lóð nr. 86 við Grettisgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinagerð hönnuðar.

Frestað. Lagfæra skráningu.

13. Hraunberg 4 - USK26060063

Sótt er um leyfi fyrir fækkun eigna og áður gerðum breytingum sem felast í að rými 0206, 0207, 0208 og 0210 hafa verið sameinuð og innréttuð sem skrifstofur í rými 020? í verslunar-skrifstofu- og íbúðarhúsi á lóð nr. 4 við Hraunberg.

Erindi fylgir afsal vegna breytingar á eignarhaldi rýmis 0210 dags. 9. mars 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Hraunbær 102 - USK26050359

Sótt er um að breyta innra skipulagi og innréttuð veitingastað í flokki II, tegund a í stað bensínstöðvar í verslunarhúsi, mhl. 03 á lóð nr. 102 við Hraunbæ.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

15. Hraunteigur 19 – breytingaerindi - USK26040069

Sótt er um leyfi til að byggja svalir á suðurhlíð rishæðar, setja kvist og fá samþykktu sem fullgilda íbúð íbúð 0301 á 3. hæð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 19 við Hraunteig.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 8. maí 2026, yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum og greinagerð hönnuðar dags. 4. ágúst 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Hringbraut 110 - USK26060230

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og útliti einbýlishúss á lóð nr. 110 við Hringbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Hvammsgarði 13 - USK26080001

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24110245

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Hæðargarður 27A - USK26070111

Sótt er um leyfi til að koma fyrir tveimur færanlegum kennslustofum og tengigangi fyrir 40 börn við leikskólann Jörfa á lóð nr. 27A við Hæðargarð.

Erindi fylgir greinagerð um hljóðvist dags. 3. júlí 2026, greinagerð um orkuramma dags. 24. júní 2026, lífsferilsgreining dags. 3. júlí 2026 og greinagerð hönnuðar.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

19. Kalkofnsvegur 1 - USK26070185

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060121 með því að breyta innra skipulagi og innrétta líkamsræktaraðstöðu, fundarherbergi og rannsóknar- og starfsmannarými á 1. hæð og í kjallara húss á lóð nr. 1 við Kalkofnsveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Kirkjutorg 4 - USK26060037

Sótt er um leyfi til að breyta flokki gististaðar úr flokki II, tegund b í flokk IV, tegund b í húsi á lóð nr. 4 við Kirkjutorg og nr.3 við Templarasund.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

21. Kristínargata 3 - USK26030212

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt rannsóknar- og skrifstofuhús, fjórar hæðir á kjallara með x stæðum og verður tæknisetur fyrir Vísindagarða Háskóla Íslands á lóð nr. 3 við Kristínargötu.

Stærð: 12.199,6 ferm og 56.982,6.

Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla dags. 1. júní 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

22. Langholtsvegur 184 - USK26060349

Sótt er um leyfi til að stækka kvisti og þakglugga, fjarlægja skorstein og innrétta geymslurými í risi tvíbýlishúss á lóð nr. 184 við Langholtsveg.

Stækkun: 3,5 ferm., 11 rúmm.

Eftir breytingu: 250 ferm., 725 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 23. febrúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Nökkvavogur 22 - USK25050111

Sótt er um byggingarleyfi fyrir skjólvegg meðfram lóðarmörkum á lóð nr. 22 við Nökkvavog

Frestað - erindi þarf að fylgja samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar

24. Ránargata 16 - USK26030276

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN029148 vegna lokaúttektar þannig að gerðar hafa verið breytingar á innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 16 við Ránargötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

25. Skúlagata 28 - USK26060084

Sótt er um leyfi til að innrétta keilusal í áður óráðstöfuðu rými í húsi á lóð nr. 28 við Skúlagötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Skútuvogur 1H - USK26040114

Sótt er um leyfi til að stækka milligólf og innrétta fundaraðstöðu, skrifstofur og kaffistofu starfsmanna í skrifstofu- og vörugeymslu á lóð nr. 1H við Skútuvog.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Sogavegur 200 – breytingaerindi - USK26040139

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24070050 með því að hætta við hækkun á þaki en stækka sólstofu á einbýlishúsi á lóð nr. 200 við Sogaveg

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

28. Sæmundargata 15 - USK26070161

Sótt er um leyfi til að breyta afmörkun matshluta þannig að hluti mhl. 01 verður mhl. 02 á þriðju og fjórðu hæð í húsi Alvotech á lóð nr. 15 við Sæmundargötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

29. Úthlíð 12 - USK26070021

Sótt er um leyfi til að koma fyrir þakgluggum í geymslurisi fjölbýlishúss á lóð nr. 12 við Úthlíð

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 7. október 2003 og samþykki meðeiganda dags. 28. júlí 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

30. Vatnagarðar 22 – breytingaerindi - USK26070020

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25120267 vegna lokaúttektar með því að breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 22 við Vatnagarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun frá Örugg V6, dags. 29. júní 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

31. Ystibær 9 - USK26040151

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060765, vegna lokaúttektar í einbýlishúsi á lóð nr. 9 við Ystabæ.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm

Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl. 14:00

**Brynjar Þór Jónasson
Sigrún Reynisdóttir
Böðvar Páll Jónsson.
Guðbjörg Sigríður Snorradóttir.**